Syndum við fiskarnir ?
Hugleiðingar um stjórnmál.

1 blað qto.

10-

Syndum við fiskarnir ?
Hugleiðingar um stjórnmál.

1 blað qto.

10 -

„Syndum við, fiskarnir"

sögðu þau vesalings hornsílin forðum og þau segja það sennilega enn: Þeir létu svo sem ekki langt í sér standa rauðar kempurnar allar þrjár, að sýna þjóðinni undir tafsið á sér. Þar var reyndar hvorki neitt fallegt eða nýtt að sjá. Það er ekki fyrir löngu að komu einu hinu mikilsverðasta málum og þarfasta í höfn, er framámenningar þessir allir hafa ýmist bölsótast á móti í blöðum sínum og útvarpi eða setið á svikráðum við, langað að svíkja, en eigi þorað vegna þjóðarviljans 1946 — enda „á „hinum vinnandi stétta" og lyftu því upp með regingloka og rembingi nútíðum, að þeir ætli sér að komast í sama horfið áður, sem þeir voru í áður og verða nú, sem þó, langsum og þversum í öllum velferðarmálum þjóðarinnar, Nota sig kollótta um það á hverju sem veltur. Þetta vissu allir og menn hrökkva varla upp með andfælum, eða saman í kút, þótt þeir, þessar lyddur sprikli og þykist sprellur; menn hafa séð þá teygja úr skönkunum áður, gaspra og gala um ýmsa þá hluti, sem þeir hafa ekkert skynbragð borið á né kunnað fram úr að ráða vegna vesaldóms síns viljaleysis, þótt sumir þeirra hafi o.s.frv. — sem þó er efasamt mjög — getað orðið að einhverju liðsháttar liði — afskaplega lítið. Spyrjið undanrennu klerkinn, „gamla manninn" hinn „opinbera lygara og rógbera", eins og einn hinn merkasti dómari landsins komst að orði um hann, úr þess því var máfandlát. Spyrjið hann Ólaf í þeirra eða hann Sigga „sexins", hvað þeir hafi gert fyrir ýmis mikilsverð mál þessa bæjarfélags og landsins alls, t.d. í hitaveitumálinu, hitagjafa fátæka fólksins, sem nú verður að kaupa kolatonnið fyrir yfir 200 krónur. Eru það kempur þessar og þeirra nótar, sem komið hafa því máli áleiðis. Spyrjið [illegible] litlu peðin, sem lifa á erlendu mútufé, en gapa þó hvorki né vilja neinum til vegar koma hinni „vinnandi verkalýðsstétt" í landinu; spyrjið hornsílin sjálf," sem segja, eins og krakkarnir, mestu óróaseggirnir um leið og þeir hlaupa frá leikjum sínum inn í eld: „Við erum _hættir_!"

Það hlýtur að vera ömurlegt fyrir þjóðina að heyra þetta „frímúrarat"-bófa upp með það, að þeir séu _hættir_.